



Reykjavík, 13. apríl 2023

Efni: Umsögn til velferðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (tilkynningar um heimilisofbeldi), 856. mál.

Stígamót lýsir yfir stuðningi við það frumvarp til laga sem hér er til umfjöllunar. Ofbeldi karla gegn konum er staðreynd og í flestum tilvikum er um ofbeldi af hendi nákomins að ræða, það sem í þessu frumvarpi er kallað heimilisofbeldi. Fá mál rata fyrir dómstóla og allt sem auðveldar brotaþolum að kæra og styðja við það ferli er til bóta. Konur hafa ekki getað sótt réttlæti í gegnum réttarkerfið hingað til nema í örlitlum mæli og markar það djúp spor hjá einstaklingum og í samfélaginu öllu.

Við leggjum til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst fyrir hönd Stígamóta,

Drífa Snædal, talskona